

Þjónustusamningur 2010 - 2012

Aðilar samnings þessa,

Íþróttafélagið Hamar kt. 620492-2569,

og

Hveragerðisbær, kt. 650169-4849,

gera með sér svofelldan samstarfssamning.

I. Umfang samnings

1. grein

Samningi þessum er ætlað að efla samstarf bæjaryfirvalda í Hveragerðisbæ og Íþróttafélagsins Hamars og tryggja öflugt íþrótt-, forvarna- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni í Hveragerðisbæ. Áhersla er lögð á mikilvægi þess öfluga starfs sem fer fram innan Íþróttafélagsins Hamars fyrir samfélagið í heild. Til þess að félagið geti ræktað hlutverk sitt styrkir Hveragerðisbær félagið árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum auk þess sem félagið tekur að sér fyrir Hveragerðisbæ tiltekin afmörkuð verkefni gegn greiðslu.

**Samningsaðilar eru sammála um að vinna saman að eftirtöldum þáttum:
Meginstefna**

- að bjóða upp á fjölbreytt starf þannig að sem flestir fái tækifæri til þátttöku í samræmi við áhuga, vilja og getu, óháð efnahag, búsetu eða kynþætti.
- að búa að því að efla félagsauð í samfélaginu og rækta einstaklinginn.
- að auka þátttöku almennings
- að ná árangri í forvörnum
- að jafna tækifæri stúlkna og drengja til að stunda íþróttir

Starfsemi félagsins

- að skipulag og starfsemi Íþróttafélagsins Hamars eflist og verði til fyrirmyndar á landsvísu
- að félagið sýni fjárhagslega ábyrgð, góða fjármálastjórn og sjálfstæði í öllum störfum
- að þátttaka og framgangur félagsins, iðkenda og félagsmanna sé ávallt til fyrirmyndar bæði félaginu og bæjarfélaginu til sóma

Barna- og ungmennastarf

- að styðja við barna og ungmennastarf í bæjarfélaginu
- að vinna að samþættingu skóla, íþróttar, frístunda og lista á meðal grunnskólabarna
- að vinna gegn brottfalli ungmenna úr íþróttar- og félagsstarfi
- að rækta einstaklinginn og styrkja sjálfsmynd iðkenda með markvissum hætti

Afreksiþróttir

- að Íþróttafélagið Hamar hafi á að skipa afreksmönnum á landsvísu
- að efla og styðja við starf meistaraflokka og afreksmanna
- að meistaraflokkar og afreksmenn verði yngri iðkendum góðar fyrirmyndir
- að starf meistaraflokka og afreksmanna skapi félaginu og bæjarfélaginu jákvæða ímynd

II. Upplýsingaskylda Hamars og viðurlög

2. grein

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars hefur yfirumsjón með öllum samskiptum deilda innan félagsins við menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar. Öll erindi Íþróttafélagsins Hamars til bæjaryfirvalda skulu send bréflaga til menningar- og frístundafulltrúa. Bæjarfélagið skal svara erindum formlega eins fljótt og kostur er. Menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar hefur seturétt á fundum aðalstjórnar þegar málefni tengd þessum samningi eru til umræðu.

3. grein

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars skuldbindur sig til að skila árskýrslu og nauðsynlegum upplýsingum um starfsemi félagsins með gögnum frá aðalfundi þess, til menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar. Á samningstímanum mun félagið stuðla að því að gera starfsemina sýnilega fyrir íbúum Hveragerðisbæjar.

4. grein

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Hamars skal sjá til þess að samningurinn verði kynntur fyrir stjórnnum deilda í samvinnu við menningar- og frístundafulltrúa ef óskað er.

6. grein

Íþróttafélagið Hamar skal fylgja því eftir að allir íþróttamenn innan félagsins skulu hlíta þeim reglum sem Íþróttta – og Ólympíusamband Íslands setur um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, svo og þeim almennu siða og agareglum sem gilda um framkomu íþróttamanna innan vallar sem utan.

7. grein

Telji menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar samning þennan brotinn, skal hann snúa sér til aðalstjórnar Hamars og krefjast úrbóta á því sem ábótavant er. Verði Hamar ekki við þeim kröfum er heimilt að rifta samkomulaginu.

III. Styrkir og fjárstuðningur

8. grein

Rekstrarstyrkir

Innan Íþróttafélagsins Hamars og í einstökum deildum er unnið öflugt sjálfbóðaliðsstarf og framlag sjálfbóðaliða ómetanlegt fyrir félagið, einstakar deildir og samfélagið allt. Vegna umfangsmikils starfs á vegum félagsins og einstakra deilda er nauðsynlegt fyrir félagið að fá rekstrarstyrk vegna rekstrar félagsins og deilda. Ráðstöfun rekstrarstyrkja á að vera í höndum aðalstjórnar félagsins. Sjá fylgiskjal 1.

Hveragerðisbær hefur til umræða afreks- og styrktarsjóð

Markmið sjóðsins eru:

- að veita afreksíþróttafólki með lögheimili í Hveragerðisbæ fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- að veita íþróttahópum í íþróttafélögum í Hveragerðisbæ sem náð hafa afburðaárangri, fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni.
- að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum.

- Stjórn sjóðsins

Menningar-, íþrótt og frístundanevnd Hveragerðisbæjar fer með stjórn sjóðsins, ákvarðar styrkveitingar og viðurkenningar fyrir unnin afrek og hefur eftirlit með nýtingu styrkveitinga. Starfstími sjóðsstjórnar er kjörtímabilið. Menningar- og frístundafulltrúi er starfsmaður sjóðsins.

- Hvatning til íþróttamanna

Íþróttafélagið Hamar skal hvetja sína félagsmenn til að sækja um styrki bæði til að efla starfsemi deildanna og einstakra afreksmanna. Stjórn sjóðsins úthlutar styrkveitingum úr sjóðnum tvisvar á ári, í apríl og október og þurfa umsóknir um styrki að berast fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert. Stjórninni er heimilt að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun sinni. Einnig getur hún veitt styrki og viðurkenningar án umsókna. Umsóknareyðublað um styrk úr afreks- og styrktarsjóði er á heimasíðu Hveragerðisbæjar www.hveragerdi.is.

Trygging iðkenda

Hveragerðisbær slysatryggir börn og ungmenni að 18 ára aldri við skipulagðar æfingar og keppni á vegum félagsins með sömu tryggingarskilmálum og börn og ungmenni í grunnskóla.

Athuga

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á styrkjum Hveragerðisbæjar til Íþróttafélagsins Hamars, og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

- Fylgiskjal 1, samningur varðandi styrki.
- Breyting á fylgiskjölum þessum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila.
- Öll brot á ákvæðum í fylgiskjölum skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningnum sjálfum.

9. grein

Vinnuframlag frá Vinnuskóla Hveragerðisbæjar vegna íþróttanámskeiða og -valla, skal vera í formi launa til unglinga í samræmi við vinnutíma þeirra hjá Vinnuskólanum ásamt launum flokkstjóra allt að kr. 300.000,-. Skipulag vinnunnar skal vera í fullu samráði við menningar- og frístundafulltrúa og yfirflokkstjóra Vinnuskólans.

IV. Ýmislegt**10. grein****Afnót íþróttamannvirkja**

Íþróttafélagið Hamar fær til afnota íþróttahúsið eftir að Grunnskólinn í Hveragerði hefur lokið íþróttakennslu í húsinu. Aðalstjórn Íþróttafélagsins sér um að útdeila tímum, í samráði við menningar- og frístundafulltrúa, til deilda félagsins. Forstöðumaður sundlaugar sér um að úthluta tímum í sundlaug samkvæmt óskum aðalstjórnar Hamars. Menningar- og frístundafulltrúi hefur yfirumsjón með niðurröðun á tímum á íþróttavelli bæjarins. Hver tími er reiknaður sem styrkur til Íþróttafélagsins Hamars, heildarverðmæti hans fyrir öll íþróttamannvirkin árið 2010 er kr. 47.059.000

a) Auglýsingar í íþróttamannvirkjum

Í fjáröflunarskini er félaginu og einstökum deildum heimilt að setja upp auglýsingaskilti í íþróttamannvirkjum bæjarfélagsins í samráði við forstöðumann viðkomandi íþróttamannvirkis og menningar- og frístundafulltrúa. Gera skal ráð fyrir merki bæjarfélagsins miðsvæðis eða á áberandi stað í öllum mannvirkjum í eigu bæjarfélagsins. Kostnaður við gerð auglýsingaskilta, uppsetning og viðhald er á ábyrgð félagsins.

b) Kostnaður við mótahald, afnot mannvirkja

Félagið og/eða einstakar deildir geta, eftir því sem verður við komið, óskað eftir afnotum af mannvirkjum í bæjarfélaginu vegna viðburða, s.s. keppni/æfingabúða/íþrótt- og frístundaskóla í samráði við viðkomandi skólustjóra/húsvörð/forstöðumann. Hér undir fellur skólahúsnæði eða önnur mannvirki í eigu bæjarfélagsins. Ef afnot eru leyfð skal gengið vel um og náíð samráð skal vera á milli ábyrgðarmanna og skólustjóra/húsvörð/forstöðumanna. Verði tjón á húsnæði og/eða munum/búnaði skal það tafarlaust tilkynnt skólustjóra/húsvörð/forstöðumanni með formlegum hætti.

c) Sölustarfsemi

Félaginu og/eða einstökum deildum er heimil veitingasala í íþróttamannvirkjum í tengslum við mót og aðra viðburði á vegum félagsins í samráði við forstöðumann. Félagið eða deildir útvega það sem til þarf vegna sölnunnar.

d) Umgengni

Félagið skuldbindur sig til að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn á félagsins og/eða deilda gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengisreglum íþróttamannvirkja á æfingum, mótum og öðrum viðburðum á vegum félagsins. Að loknu móti eða öðrum viðburðum skal ábyrgðarmaður móts/samkomu sjá til þess að allt húsnæðið og/eða svæðið sé hreinsað og grófþrifið.

Gerð er krafa um að náíð samráð sé á milli þjálfara/mótsstjóra/ábyrgðarmanna og viðkomandi forstöðumanns og/eða starfsmanna. Verði tjón á húsnæði og/eða munum skal það tafarlaust tilkynnt forstöðumanni/starfsmanni með formlegum hætti.

e) Ábyrgð þjálfara vegna iðkenda

Til að koma í veg fyrir einelti og til að halda uppi aga skal það vera meginregla að þjálfari mæti 10 mínútum fyrir æfingu til að fylgja sínum hópi til búningsklefa og vera til staðar á meðan iðkendur hafa fataskipti ef því verður við komið. Að æfingu lokinni yfirgefi þjálfari ekki mannvirkið fyrr en allir iðkendur eru farnir út.

11. grein**Verkefni**

Íþróttafélagið Hamar samþykkir að taka að sér sérstök verkefni fyrir Hveragerðisbæ eins og gert hefur verið undanfarin ár t.d. á sviði hreinsunar, umhverfismála, hátíðarhalda og annarra verkefna sem til kunna að falla á hverjum tíma. Sérstakt samkomulag skal gert á milli Íþróttafélagsins Hamars og bæjarfélagsins hverju sinni út frá umfangi þeirra.

a) Íþrótt- og frístundaskóli Hveragerðisbæjar

Íþróttafélagið Hamar tekur að sér að annast rekstur íþrótt- og frístundaskólafyrir börn í Hveragerði á aldrinum 5 - 10 ára að lágmarki 6 vikur á sumri á samningstímanum. Félaginu er heimilt að taka gjald fyrir skóladvöl. Gerð er krafa um að yfirmaður skólans sé 20 ára eða eldri og hafi menntun eða reynslu sem nýtist í starfi t.d. á sviði íþrótt, lista, kennslu eða tómtunda. Jafnframt mun Vinnuskóli Hveragerðisbæjar útvega aðstoðarmenn á aldrinum 15 - 18 ára eftir þörfum og samkomulagi.

- rekstur skólans

Allur rekstur íþrótt- og frístundaskólans, þ.m.t. starfsmannahald, tryggingar starfsmanna, samskipti við lögskipaðan eftirlitsaðila o.s.frv. er alfarið á kostnað og ábyrgð íþróttafélagsins Hamars. Hveragerðisbær skuldbindur sig til að útvega skólanum heppilegt húsnæði, sé þess óskað. Beiðni um húsnæði ásamt áætlun um fjölda nemenda, stefnu skólans og skipulag skal sent menningar- og frístundafulltrúa til kynningar og samþykktar eigi síðar en 15. maí ár hvert. Framlag til reksturs frá Hveragerðisbæ kr. 300 þús.

- markmið skólans

Samningsaðilar eru sammála um að markmið íþrótt- og frístundaskóla sé að stuðla að heilbrigðri hreyfingu, hugsun og hvetja börn til að geta tjáð sig óhikað. Þar eigi öll börn að geta fundið eitthvað við sitt hæfi en um leið kynnst nýjum og spennandi hlutum. Skólinn skal rekinn án fordóma og skulu einstaklingar af öllum kynþáttum hafa jafnan rétt til að sækja skólann.

- starfsemi

Skólinn skal bjóða upp á fjölbreytta starfsemi sem höfðar til áhugasviðs sem flestra barna. Til slíkrar starfsemi telst m.a. almennar íþróttgreinar, almennir leikir, göngu- og hjóltreifaferðir, sundferðir, listasmiðjur, sveitaferðir, leikræn tjáning, menningarferðir og aðrir viðburðir sem auka þroska og víðsýni barna.

b) Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar og 17. júní

Bæjarfélagið styrkir heilsutengda dagskrá sem deildir félagsins inna af hendi á þessum tveimur hátíðum bæjarins. Dagskráin tengist deildum félagsins og getur verið kynning á starfsemi deildanna til bæjarbúa og gesta. Dagskráin skal unnin í samvinnu við verkefnastjóra hátíðanna hverju sinni. Einnig er íþróttafélaginu heimilt að vera með fjáröflun á hátíðunum.

12. grein

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2012. Heimilt er að endurskoða samning þennan í upphafi hvers árs. Verði verulegar breytingar á umfangi og/eða forsendum rekstrar hjá Íþróttafélaginu Hamri og/eða Hveragerðisbæjar þar af leiðandi forsendum þessa samnings geta samningsaðilar sagt honum upp með 3ja mánaða fyrirvara. Gert er ráð fyrir að fylgiskjal 1 verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

13. grein

Samningur þessi leysir af eldri sambærilega samninga á milli Hveragerðisbæjar og Íþróttafélagsins Hamars sem og milli Hveragerðisbæjar og ýmissa deilda innan Íþróttafélagsins Hamars.

14. grein

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal staðfestur með undirritun í votta viðurvist.

Hveragerði, 30. desember 2009

Fh. Aðalstjórnar Hamars

Fh. Hveragerðisbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu
og undirskrift aðila: